

Sequences myndlistarhátíð opnar

Sequences myndlistarhátíð er tíu daga tvíæringur sem haldin er í Reykjavík dagana 6.–15. október 2017. Hátíðin í ár kynnr með stolti verk eftir tuttugu og einn innlenda og erlenda listamenn. Þetta er í áttunda sinn sem Sequences er haldin og að þessu sinni hefur frumkvöðullinn Joan Jonas verið valin sem heiðurslistamaður hátíðarinnar. Á dagskránni verður einkasýning á verkum hennar í Nýlistasafninu og fremur hún nýjan gjörning í Tjarnarbíói í samvinnu við íslenskt tónskáld, Maríu Huld Markan Sigfúsdóttur. Markmið Sequences er að sýna framsækna myndlist með áherslu á tímatengda miðla; gjörninga, hljóðverk og vídeólist. Sequences er listamannarekin og sjálfstæð myndlistarhátíð sem spratt upp úr fjölbreyttri og kvikri listasenu Reykjavíkurborgar og er haldin annað hvert ár. Boðið verður upp á úrval verka eftir listamenn og tónlistarmenn, sem margir hverjir taka þátt í samstarfi á milli miðla.

Miðja Sequences VIII verður í Marshallhúsinu, heimkynnum Kling & Bang og Nýlistasafnsins. Hátíðin mun einnig fara fram í öðrum listamannareknum rýmum og listastofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Til viðbótar við aðaldagskrá hátíðarinnar verður fjölbreytt utandagskrá víðsvegar um borgina.

Sýningarstjóri Sequences VIII er Margot Norton, sýningarstjóri við New Museum í New York.

Elastic Hours – Teygjanlegir tímar

Þó Sequences kenni sig við „rauntíma“ í skilningi tímatengdra miðla, þá er áhersla Sequences VIII: Elastic Hours á hvernig listamenn upplifa tímann í sköpunarferlinu og hvernig þeir nota tímann sem efnivið í verkum sínum, hvernig þeir beygja tímann og sveigja, snúa honum á rönguna.

Verkin á hátíðinni munu þannig fara handan staðlaðra mælikvarða og tækja til að mæla tímann og rannsaka annars konar tímaupplifun og mælingar í leit að öðrum leiðum til að mæla og upplifa tíma. Við erum minnt á að daglegur taktur okkar stjórnast ekki einungis af hefðum og staðsetningu heldur einnig af náttúruöflum sem lúta engri stjórn.

Á Íslandi er framrás tímans sérstaklega ápreifanleg, bæði vegna árstíðabundins birtustigs og óheflaðs veðurfars. Með óhefðbundnum útreikningi tímans munu listamennirnir fá okkur til að vera meðvitaðri og gagnrýnni á samband okkar við hluti, samfélagið og alheiminn í kringum okkur.

Joan Jonas, heiðurslistamaður

Síðan á sjötta áratugnum hefur Joan Jonas (f. 1936, New York, býr og starfar í New York) skapað nýstárleg verk í marga miðla, sem rannsaka tímatengt skipulag og pólitískt mikilvægi áhorfandans. Í verkum sínum blandar hún saman leikhúsi, dansi, hljóði, texta, teikningum, skúlptúr og vídeó/myndvörpun. Stoðir þeirra eru flóktandi sjálfsmyndir, frásagnartákn og -þræðir sem hafna þó línuleika fyrir hina tvíræðu og brotakenndu sögu.

Jonas er frumkvöðull á sviði vídeólistar. Hún notaði Portapak kvikmyndavélar árið 1970 til að kanna tilfærsluna frá myndavélinni til vörpunarinnar yfir á líkamann og í hið lifandi rými. Í nýrri vídeóverkum, gjörningum og innsetningum hefur Jonas oft starfað með tónlistarmönnum og dönsurum, ásamt því að leita til bókmennta og goðsagna í marglaga rannsóknarvinnu sinni.

Á Sequences VIII mun Jonas vera með einkasýningu í Nýlistasafninu, þar sem úrval verka frá mismunandi tímabilum ferils hennar verða til sýnis - allt frá fyrstu vídeóverkum hennar *Wind* (1968) og *Song Delay* (1973) til nýrra verka *stream or river or flight or pattern* (2016/2017), verk sem hún hefur unnið frá nýlegum ferðum sínum um Feneyjar, Singapore, Nova Scotia og Víetnam.

Jonas mun einnig halda tilraunakenndan fyrirlestur í Tjarnarbíói sunnudaginn 8. október, þar sem nýtt samstarf við Mariu Huld Markan Sigfúsdóttur, tónskáld og tónlistarmann, birtist.

Mynd: Joan Jonas, *Song Delay*, 1973, kyrrmynd úr kvikmynd. © 2017 Joan Jonas / Artists Rights Society (ARS), New York.

Skipuleggjendur:

Nýlistasafnið, Kling & Bang og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar standa að Sequences. Í ár stýrir Margot Norton, sýningarstjóri The New Museum í NYC, hátíðinni í samvinnu við Eddu Kristínu Sigurjónsdóttur, ásamt meðlimum stjórnar Sequences.

Bakhjarlar:

Sequences nýtur stuðnings Myndlistarsjóðs, Reykjavíkurborgar, Promote Iceland, Iceland Naturally og hinnar alltumlykjandi, orkumiklu samvinnu listamanna.

Listamenn auk heiðurslistamanns,

- Helena Aðalsteinsdóttir (f. 1990 Reykjavík. Býr og starfar í Amsterdam)
- Birgir Andrésón (f. 1955 Vestmannaeyjar, d. 2007 Reykjavík)
- Hildigunnur Birgisdóttir (f. 1980 Reykjavík. Býr og starfar í Reykjavík)
- Ásgerður Birna Björnsdóttir (f. 1990 Reykjavík. Býr og starfar í Amsterdam)
- Elín Hansdóttir (f. 1980 Reykjavík. Býr og starfar í Reykjavík)
- David Horvitz (f. 1982 Los Angeles. Býr og starfar í Reykjavík) í samstarfi við Jófríði Ákadóttur (f. 1994 Reykjavík. Býr og starfar í Reykjavík)
- Anna K.E. (f. 1986, Tbilisi, Georgía. Býr og starfar í New York og Düsseldorf) og Florian Meisenberg (f. 1980, Berlín. Býr og starfar í New York og Düsseldorf)
- Alicja Kwade (f. 1979 Katowice, Pólland. Býr og starfar í Berlín)
- Florence Lam (f. 1992 Vancouver, Kanada. Býr og starfar í Reykjavík)
- Nancy Lupo (f. 1983 Flagstaff, Arizona. Býr og starfar í Los Angeles)
- Sara Magenheimer (f. 1981 Philadelphia, Pennsylvania. Býr og starfar í New York)
- Rebecca Erin Moran (f. 1976 Greeley, Colorado. Býr og starfar í Reykjavík)
- Eduardo Navarro (f. 1979 Buenos Aires. Býr og starfar í Buenos Aires)
- Ragnar Helgi Ólafsson (f. 1971 Reykjavík. Býr og starfar í Reykjavík)
- Roman Ondák (f. 1966 Žilina, Slóvakía. Býr og starfar í Bratislava)
- Habbý Ósk (f. 1979 Akureyri. Býr og starfar í New York)
- Agnieszka Polska (f. 1985 Lublin, Pólland. Býr og starfar í Berlín)
- Aki Sasamoto (f. 1980 Yokohama, Japan. Býr og starfar í New York)

- Cally Spooner (f. 1983 Ascot, England. Býr og starfar í Reykjavík, London og Aþenu)
- Una Sigtryggisdóttir (f. 1990 Reykjavík. Býr og starfar í Reykjavík)